

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. janúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-100/2009:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. desember 2009 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings frá fyrirtækinu Y, fyrir vinnu við að leggja hitalögn í útitróppur. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að endanlegur reikningur fyrirtækisins verði lækkaður um kr. 75.696.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 11. desember sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og bærust þau 30. desember. Með bréfi, dags. 6. janúar sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 15. janúar. Engar athugasemdir bærust. Með bréfi, dags. 20. janúar sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið fyrirtæki Y til þess að setja rafmagnshitalögn í útitróppur við heimili sitt í ágúst 2009. Til einföldunar hafi hann gert það í eigin nafni þótt fleiri íbúðareigendur ættu hlut að máli. Ekki hafi verið gerður verksamningur eða verðáætlun áður en verkið hófst en það hafi verið unnið í tímavinnu. Fyrirtækið hafi lokið verkinu með þryði og síðan sent reikning fyrir það. Sá reikningur er að upphæð kr. 441.664 með vsk. Vinnustundir eru reiknaðar vera 82. Álitsbeiðandi segir þennan reikning hafa verið miklu hærri en íbúðareigendur hefðu gert ráð fyrir og þeim ofboðið hann. Hann hafi haft samband við Félag iðn- og tæknigreina og óskað eftir hlutlausu mati og í matinu sé gert ráð fyrir að 47 vinnustundir fari í verkið í stað 82. Álitsbeiðandi lýsir samskiptum sínum við forsvarsmann Y vegna reikningsins og því að hann hafi fengið nýjan reikning frá fyrirtækinu þar sem reiknaðar vinnustundir séu 63. Upphæð þessa reiknings er kr. 351.775. Á reikningnum kemur og fram að 16. október 2009 hafi verið greiddar kr. 276.079 og mismunur sé kr. 75.696, en það er sú fjárhæð sem aðilar deila um.

### IV

#### Andsvör álitsbeiðanda

Í andsvörinum segir að vinna við verkið hafi byrjað 2. september 2009 og samið hafi verið um að það yrði unnið í tímavinnu. Verkið hafi verið unnið eftir bestu samvisku og hafi álitsbeiðandi oftast verið heima meðan á vinnunni stóð. Eftir að ágreiningurinn hafi komið upp hafi forsvarsmaður fyrirtækisins reynt að ná sáttum við álitsbeiðanda sem ekki hafi tekist en fyrirtækið hafi lagt sitt af mörkum til þess að jafna ágreininginn.

## V

### Úr gögnum málsins

Í tölvupósti álitsbeiðanda til Y, dags. 12. október 2009, er frá því greint að álitsbeiðandi hafi leitað til Félags iðn- og tæknigreina og óskað eftir mælingu á verkinu. Álitsbeiðninni fylgdi kostnaðarmat fyrirtækisins Z Þar segir að verkefnið hafi verið það að leggja hitaþráð í úttröppur og lagfæringar eftir það. Nánar er verkefninu lýst svo:

1. Fræsing á rauf í tröppur og stigapall 92 mtr.
2. Leggja hitaþráð í raufina.
3. Ílögn í raufarnar ásamt „filtun“ á tröppum og stigapalli.
4. Háþrýstipvottur á um 17 m<sup>2</sup>.
5. Borun í tröppur og inn í hús fyrir hitaþræði.
6. Viðgerðir á köntum.

Eins og fyrr segir er fjöldi vinnustunda við verkið metinn vera 47 í kostnaðarmatinu, en aðrir þættir verksins eru ekki metnir. Í andsvörum Y er bætt inn á kostnaðarmatið því að brotið hafi verið upp úr raufum, sjá lið 1 hér að framan, og við lið 6 er bætt við „fræst í raufar á stigakjálka.“

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Samkvæmt gögnum málsins verður að byggja á því að aðilar hafi samið um að verk það sem Y tók að sér að vinna skyldi unnið í tímavinnu en ekki samkvæmt öðrum viðmiðum, s.s. uppmælingu. Það er alkunna að við verk sem unnið er samkvæmt uppmælingu geta vinnustundir orðið fleiri eða færri en gert er ráð fyrir í uppmælingunni og kemur það því ýmist verkkaupa eða verksala til góða miðað við að verkið væri unnið í tímavinnu. Eins og samningum aðila var háttað þykir kærunefndinni ekki unnt að leggja til grundvallar uppmælingu á vinnustundafjölda sem gerð var eftir að verkið var unnið þótt líta megi til hennar við mat á því hvað sanngjarnt megi teljast að verktakinn, Ný Lína ehf., fái greitt.

Þegar svo hagar til að ekki er samið fyrirfram um greiðslu fyrir verk fer um þá greiðslu eftir 28. gr. laga nr. 42/2000 sem hljóðar svo: „Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hver eðlis hún er.“

Eins og fyrr greinir var á upphaflegum reikningi Y reiknað með að vinnustundir hefðu verið 82. Álitsbeiðandi mótmælti þessum vinnustundafjölda en hvergi kemur þó fram á hvaða forsendum mótmælin voru sérstaklega byggð, hvort t.d. um hafi verið að ræða óeðlilegar fjarvistir þeirra sem unnu verkið eða seinagangur við það eða einhverjar aðrar ástæður. Y krefst nú greiðslu fyrir 63 vinnustundir í stað 82. Enda þótt á þessum vinnustundafjölda og uppmældum vinnustundum sé nokkur munur treystir kærunefndin sér ekki til að líta svo á að um ósanngjarna kröfu að ræða í skilningi 28. gr. laga nr. 42/2000 og telur því ekki efni til þess að taka kröfu álitsbeiðanda til greina.

**VII**  
**Álitsorð**  
Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir